

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar:2022–2024

Ríkisaðili	Menntaskólinn á Tröllaskaga			Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneyti		
Ábyrgðaraðili	<i>Lára Stefánsdóttir</i>						
A	Kjarnastarfsemi						
	<ul style="list-style-type: none"> Skólinn er áfangaskóli sem býður upp á þriggja ára bóknað í félags- og hugvísindabraut og náttúruvísindabraut. Auk þess nám til stúdentsprófs á íþrótt- og útivistarbraut og listabraut með áherslu á fagurlistir, listljósmyndun og skapandi tónlist. Einnig er í boði grunnmenntabraut og starfsnámsbraut fyrir fatlaða nemendur. Nánast allt nám er boðið í fjarnámi, þar sem upplýsingatækni er nýtt á skapandi hátt. Skólanámskráin er birt á vef skólans. Skólinn starfar í einni starfsstöð að Ægisgötu 13, Ólafsfirði og á netinu. Ársmendum var breytt úr 160 í 200 á árinu 2021, gert er ráð fyrir 200 árnemendum árið 2022 skv. fjárlögum. Starfsmenn eru 29 Útgjöld: Reiknað var með að rekstrargjöld skólans yrðu um 380 mkr. 86% eru laun og launatengd gjöld, 5,52% húsnæðiskostnaður, 5,3% aðkeypt þjónusta og 3,18% ýmis annar rekstrarkostnaður. 						
	Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A1	Aðgerðir í umhverfismálum	13.3	Mælt með könnunum og kennsluefni	Greinargerð	1 fána náð	2 fánunum náð	3 fánunum náð
	Mælanleg markmið tengjast Grænfánaverkefninu: https://graenfaninn.landvernd.is	12.3 12.5 12.6					
Tengist markmiði málaflokks							
<p><i>HM 13.3 Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörðunum.</i></p> <p><i>HM 12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi soun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.</i></p> <p><i>HM 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr soun.</i></p> <p><i>HM 12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.</i></p>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar:2022–2024

A1.1	Draga úr neyslu og úrgangi með fræðslu og þátttöku nemenda					2021	2024
A1.2	Stuðla að hnattrænu jafnræði með fræðslu og þátttöku nemenda					2022	2024
A1.3	Umhverfisráð, námsáfangar, kennsluefni, sýnileg í samfélaginu					2020	2024
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A2	Unesco skóli	4.3	Umsókn	Umsókn send	Óafgreitt	Samþykkt	
		4.5	Unesco viðburðir	Fréttir á heimasíðu	Ekki byrjað	2 alþjóðadagar	6 alþjóðadagar
		5.1	Áfangar, námsþættir, erl. samstarf	Áfangaframboð skóla - skólanámskrá	Ekki byrjað	Verkefni hafið	Verkefni virkt
		5.5					
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun)</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Áfangar, námsþættir					2022	2024
A2.2	Erlent samstarf					2022	2024
A2.3	Unesco viðburðir í tengslum við alþjóðadaga Sameinuðu þjóðanna					2022	2024
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A3	Tryggja aðgang nemenda að fyrirmyndarstoðþjónustu óháð búsetu	4.7	Fjöldi viðtala skráð í rafræna stoðþjónustu	Skrá yfir fjölda viðtala	???	300	350
			Fjöldi nemenda í námsþjónustu iðjupjálfa	Skrá yfir fjölda nema í þjónustu	10	20	30
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun)</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A3.1	Stafræn viðtöl					2021	2024
A3.2	Þjónusta iðjupjálfa við nemendur					2021	2024

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar:2022–2024

A3.3			
------	--	--	--

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar:2022–2024

B Rekstrarþættir						
<p>Mannauður/starfsmannahald:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Yfirstjórn: Skólameistari (100%), aðstoðarskólameistari/áfangastjóri (100%). • Stoðþjónusta: náms- og starfsráðgjafi (60%), stuðningsfulltrúi (80%), iðjuþjálfari (50%), þroskaþjálfari (50%), fjármálastjóri (25%). • Kennarar: 19 í 18,1 stöðugildum, fagumsjón starfsbrautar 25%, umsjón fjarnema 25%. • Þjónusta: umsjónarmaður fasteignar, tækja, tölvukerfis og ljósmyndastúdíós (100%), starfsmaður sem sér um, bókasafn, afgreiðsla og þrif (90%), skrifstofa, skjalavarsla, stuðningur á starfsbraut og þrif (90%). <p>Starfsmenn samtals 29 í 25,15 stöðugildum. Kynjahlutfall er 69% konur og 31% karlar. Stefnt er að auknu kynjajafnvægi sé þess kostur við mannaáðningar. Gert er ráð fyrir breytingum vegna Covid-19.</p> <p>Skólinn nýtir upplýsingatækni á öllum sviðum, jafnt kennslu sem þjónustu.</p> <p>Skólinn hefur mótað innra mat sitt og sett fram matsþætti og mælikvarða sem metnir eru og endurskoðaðir árlega (sjá sjálfsmatsáætlanir og skýrslur á vef skólans). Önnur mælitæki eru „Stofnun ársins“ og „Framhaldsskólaláupsinn“. Skólinn hefur hlotið jafnlaunavottun.</p>						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B1	Aukin skilvirkni	Hlutfall rafrænna funda	Fundarboð	80%	90%	95%
		Hlutfall af rafrænt undirrituðum skjölum	Rafrænar undirritanir	50%	75%	100%
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Gerður samningur við Signet um rafrænar undirritanir, innleiðing hafin				2021	2024
B1.2	Rafrænar fundir, fólk ferðist ekki vegna funda				2020	2024
B1.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B2	Aukin starfsánægja	Mannauðsmælingar, (aðbúnaður, samráð, lýðræði)	HR Monitor kannanir	Ekki byrjað	75%	85%
		Hlutfall starfsmanna sem sækir símenntun	Símenntunarskrá	85%	95%	100%
		Meðaltímafjöldi símenntunar starfsmanna á ári.	Símenntunarskrá	40 tímar	45 tímar	50 tímar

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar:2022–2024

Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Góður aðbúnaður, samráð og lýðræðisleg stjórnun				2022	2024
B2.2	Auðvelda símenntun, fá námskeið og fræðslu, sækja um Evrópustyrki, gera kleift að sækja námskeið				2020	2024
B2.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B3	Draga úr umhverfisáhrifum	Draga úr óvistvænum ferðum til og frá vinnu um 20%	Grænt bókhald	-	10%	20%
		Minnka hlutfall almenns úrgangs þannig að það fari ekki yfir 20%	Umhverfisskýrsla og/eða magntölur frá Íslensku gámaþjónustunni	51%	25%	20%
		Fjöldi aðgerða til að stuðla að hringrásarhagkerfi	Skýrsla	1	2	3
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Könnun um ferðavenjur starfsmanna. Fræðsla um vistvænan akstur.				2021	2024
B3.2	Aukin áhersla á flokkun úrgangs				2021	2024
B3.3	Setja upp skiptibakka fyrir hluti sem fólk notar ekki, fataskiptaslá				2021	2024

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið
<p>Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.</p> <p>Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.</p> <p>Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.</p> <p>Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.</p>
Kjarnastarfsemi
<p>Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.</p> <p>Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.</p> <p>Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.</p>
Markmið (að hámarki 3)
<p>Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.</p> <p>Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (<i>outcome</i>) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (<i>input</i>) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.</p> <p>HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.</p>
Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)
<p>Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.</p> <p>Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.</p> <p>Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.</p>
Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)
<p>Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.</p> <p>Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangs röðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.</p>

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í viðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.